

# Kjaradeilusjóður FÍN

Ársreikningur  
2025

Kjaradeilusjóður FÍN  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Kt. 530169-4139

# Kjaradeilusjóður FÍN

## Ársreikningur 2025

### Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar Kjaradeilusjóðs FÍN

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjaradeilusjóðs FÍN fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2025 og efnahag þess 31. desember 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Kjaradeilusjóð FÍN í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Kjaradeilusjóðs FÍN. Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 24. mars 2026.

**Deloitte ehf.**

Gunnar Þorvarðarson  
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins var hagnaður ársins 2025 kr. 14.183.813. Hrein eign sjóðsins í árslok nam kr. 440.439.423.

Stjórn Kjaradeilusjóðs FÍN staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. mars 2026.

## Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur .....		0	0
Veittir styrkir .....		0	0
		<hr/>	<hr/>
		0	0
<b>Rekstrarhagnaður</b>		0	0
Vaxtatekjur og verðbætur .....		16.329	24.160
Matsbreyting og hagnaður (tap) af verðbréfum .....	3	15.884.383	36.749.675
Fjármagnstekjuskattur .....		(204.478)	(7.740.567)
Fjármagnsgjöld .....		(1.512.421)	(1.478.699)
		<hr/>	<hr/>
		14.183.813	27.554.569
		<hr/>	<hr/>
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>14.183.813</u>	<u>27.554.569</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Verðbréfaeign .....	3	439.535.991	419.921.592
Handbært fé .....		1.010.729	6.199.160
		<u>440.546.720</u>	<u>426.120.752</u>
<b>Eignir</b>		<u>440.546.720</u>	<u>426.120.752</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé í upphafi .....		426.015.211	398.460.642
Hagnaður ársins .....		14.183.813	27.554.569
Leiðrétting á eigin fé .....		240.399	0
<b>Eigið fé</b>		<u>440.439.423</u>	<u>426.015.211</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Aðrar skammtímaskuldir .....		107.297	105.541
Skuldir		<u>107.297</u>	<u>105.541</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>440.546.720</u>	<u>426.120.752</u>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Kjaradeilusjóður FÍN er sjóður á vegum stéttarfélagsins Félags Íslenska náttúrufræðinga. Lögheimili félagsins er að Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu á árinu, líkt og árið áður.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum fyrir utan verðbréfaeign sem færð er á gangvirði. Stjórnendur sjóðsins hafa metið rekstrarhæfi hans og telja að sjóðurinn hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

### Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður

### Innlausn tekna

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

## 3. Verðbréfaeign

	2025	2024
Arion banki .....	294.753.790	288.481.565
Íslensk verðbréf .....	181.940.988	168.492.893
Fjármagnstekjuskattur af óinnleystum hagnaði .....	(37.158.787)	(37.052.866)
	<u>439.535.991</u>	<u>419.921.592</u>

Gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning greinast þannig:

Arion banki .....	7.228.176	21.305.870
Íslensk verðbréf .....	8.656.207	15.443.805
	<u>15.884.383</u>	<u>36.749.675</u>